

414. fundur fræðslunefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 27. febrúar 2020
og hófst hann kl. 08:10.

Fundinn sátu:

Hafdís Gunnarsdóttir formaður, Kristján Þór Kristjánsson varaformaður, Jónas Þór Birgisson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Steinunn Guðný Einarsdóttir, Nanný Arna Guðmundsdóttir aðalmaður og Magnús Einar Magnússon aðalmaður.

Embættismenn:

Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi og Stefanía Helga Ásmundsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómsundasviðs.

Fundargerð ritaði: Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi.

Áheyrnarfulltrúar fyrir grunnskólamála: Sveinfríður Olga Vetuliðadóttir, fulltrúi stjórnenda og Guðný Harpa Henrýsdóttir, fulltrúi kennara
Áheyrnarfulltrúar fyrir leikskólamála: Jóna Lind kristjánsdóttir, fulltrúi kennara og Sonja Sigurgeirsdóttir, fulltrúi foreldra leikskólabarna.

Dagskrá:

1. Skóladagatöl 2020-2021 - 2020020048

Lögð fram skóladagatöl Grunnskólans á Suðureyri og Grunnskólans á Ísafirði fyrir skólaárið 2020-2021. Jóna Benediksdóttir skólastjóri Grunnskólans á Suðureyri mætir á fundinn.

Fræðslunefnd þakkar Jónu Benediksdóttur fyrir komuna og felur starfsmönnum skólasviðs að vinna áfram með málið.

Gestir

Jóna Benediksdóttir, skólastjóri Grunnskólans á Suðureyri - 08:10

Jóna yfirgefur fundinn.

2. Verkefnalisti fræðslunefndar - 2014030064

Lagður fram verkefnalisti fræðslunefndar.

Gerð var grein fyrir hver staðan væri á þeim verkefnum sem liggja fyrir og eru í vinnslu.

4. Ytra mat á Grunnskólanum á Þingeyri og Grunnskóla Önundarfjarðar 2019. - 2019070017

Lögð fram umbótaáætlun frá Grunnskólanum í Önundarfirði þar sem kynnt er hver staðan er á vinnu við umbætur vegna ytra mats Menntamálastofnunar skólaárið 2018-2019

Lagt fram til kynningar.

5. Ytra mat á leikskólunum Grænagarði og Laufási - 2019070007

Lögð fram umbótaáætlun frá leikskólanum Grænagarði á Flateyri þar sem kynnt er hver staðan er á vinnu við umbætur vegna ytra mats Menntamálastofnunar skólaárið 2018-2019

Lagt fram til kynningar.

6. Heimgreiðslur til foreldra sem ekki hafa fengið úthlutað leikskólaplássi - 2020020017

Kynnt minnisblað Guðrúnar Birgisdóttur skóla- og sérkennslufulltrúa er varðar kostnaðaráætlun vegna heimgreiðslna til foreldra barna sem ekki hafa fengið boð um leikskólavist.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:35

Hafdís Gunnarsdóttir

Kristján Þór Kristjánsson

Steinunn Guðný Einarsdóttir

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Magnús Einar Magnússon

Guðrún Birgisdóttir

Stefanía Helga Ásmundsdóttir